

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Breytingar á aldursmörkum - Hverfið mitt - umsagnir

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð óskaði á dögum eftir ábendingum og athugasemdum frá skóla- og frístundasviði, Reykjavíkurráði ungmenna og Samtökum foreldra grunnskólabarna í Reykjavík vegna breytinga á aldursmörkum vegna kosninga í verkefninu Hverfið mitt.

Umsagnir hafa nú borist og eru þær meðfylgjandi.

Sandra Dröfn Gylfadóttir
e.u.

Hjálagt:

Umsögn skóla- og frístundasviðs, vegna breytinga á aldursmörkum í Hverfið mitt, dags. 20.2.2018.

Umsögn SAMFOK, vegna breytinga á aldursmörkum í Hverfið mitt, dags. 20.2.2018.

Umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna, vegna breytinga á aldursmörkum í Hverfið mitt, dags. 19.2.2018.

Lækkun aldursviðmiða í verkefninu Hverfið mitt

Umsögn Reykjavíkurráðs ungmenna

Allir fulltrúar í Reykjavíkurráðu ungmenna (RRU) eru sammála um að lækki eigi aldursviðmiðin í Hverfið mitt úr 16 árum og að með lækkun aldursviðmiða gefist gott tækifæri fyrir börn og unglinga til að æfa sig í að taka afstöðu til mála og verkefna en líka til að koma eigin hugmyndum á framfæri.

Fulltrúar í RRU telja að börn og unglingar eigi auðvelt með að tengja við þau málefni og verkefni sem eru til umfjöllunar í þessum kosningum af því að þau varða þeirra hverfi og nærumhverfi.

Hins vegar voru skiptar skoðanir um hversu mikið ætti að lækka aldursviðmiðin og ekki náðist sameiginleg niðurstaða í þær umræður. Nokkrar hugmyndir voru ræddar, s.s. að afnema alveg aldursviðmiðin, að miða ætti við að krakkar sem eru í 8. bekk (13 ára) geti kosið eða að krakkar í 5. bekk (11 ára) geti kosið. Allir voru þó sammála um að hver sem niðurstaðan verður er mikilvægt að kynna það vel fyrir þeim sem mega taka þátt að þessi möguleiki sé fyrir hendi.

Frístundamiðstöðin Gufunesbær gerði tilraun í samstarfi við Hverfið mitt í tengslum við sumaropnanir félagsmiðstöðva sl. sumar þar sem 14-16 ára unglingar gátu sett inn hugmyndir fyrir sumarstarfið og kosið um þær og gekk sú tilraun mjög vel sem styður við þá hugmynd að lækka megi aldursviðmiðin.

Nokkur atriði sem fulltrúar RRU telja mikilvægt að hafa í huga í þessu samhengi:

- Stundum fæðast góðar hugmyndir upp úr hugmyndum sem í fyrstu virðast heimskulegar – þannig hugmyndir geta komið frá öllum, ekki bara börnum og unglingum og áhyggjur af því að börn og unglingar setji ekki inn „góðar hugmyndir“ er því engin fyrirstaða fyrir lækkun aldursviðmiðanna.
- Börn og unglingar ættu að tengja vel við þessar kosningar af því að þær varða þeirra nærumhverfi og því ætti að vera auðvelt fyrir þau að mynda sér skoðun á og/eða koma með hugmyndir í Hverfið mitt.
- Ekki hafa áhyggjur af því að börn og unglingar setja eitthvað rugl þarna inn af því að fullorðnir setja líka inn rugl – hugmyndin fær þá bara ekki undirtektir ef þetta er eitthvað rugl þannig að þetta vandamál leysir sig sjálft.
- Það þarf að tryggja að það sé einfalt að skrá sig inn og taka þátt þannig að það komi ekki í veg fyrir þátttöku þeirra sem yngri eru í að setja inn verkefni og taka þátt í kosningunum.

Reykjavík 19. febrúar 2018

Fulltrúar í Reykjavíkurráði ungmenna



Lækkun aldursviðmiða vegna þátttöku í Hverfið mitt

Umsögn jafnréttis- og lýðræðisteymis á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Ef sú hugmyndafræði sem liggur að baki verkefninu Hverfið mitt er lögð til grundvallar er það mjög í hennar anda að lækka aldursviðmið vegna þátttöku í verkefninu. Jafnréttis- og lýðræðisteymið sér ekkert því til fyrirstöðu að aldursviðmiðin verði lækkuð enda eitt af markmiðum í skóla- og frístundastarfi að leita leiða til að auka aðkomu barna að málum sem þau varðar og framkvæmdir og skipulag í þeirra nærumhverfi varðar þau svo sannarlega.

Þó teymið taki ekki afstöðu til þess hversu mikið mætti lækka aldursviðmiðin er gott að hafa í huga að mismunandi leiðir henta mismunandi aldri barna. Þetta fyrirkomulag, eins og það er í Hverfið mitt, hentar kannski ekki allra yngstu börnunum nema þá helst með þeim hætti að leitað verði eftir hugmyndum þeirra og vangaveltum um hvað mætti betur fara í viðkomandi hverfi og þær hugmyndir skili sér svo inn í verkefnið.

Velta má fyrir sér hvort að miða verður við að sami aldur geti sett inn hugmyndir og kýs svo um þær eða hvort þessi viðmið mega vera með mismunandi. T.d. þannig að barnafundur á leikskóla geti tekið ákvörðun um að setja þarna inn ákveðna hugmynd sem síðan er kosið um þó að yngstu börnin á leikskólanum geti mögulega ekki kosið í eigin persónu. Það mætti því huga að því hvaða leiðir er hægt að fara við að hvetja foreldra og aðra þá sem eru í samskiptum og samstarfi við börn til að taka upp samræður um eigið hverfi og koma hugmyndum á framfæri á þeim vettvangi sem Hverfið mitt býður upp á.

Þátttaka í Hverfið mitt getur orðið ein leið af mörgum sem farin er til að auka virkni og þátttöku barna í samfélaginu en hún má ekki útiloka að skoðaðar séu aðrar leiðir sem einnig gætu hentað í sama tilgangi. Þátttaka barna í Hverfið mitt þjálfar börn í lýðræðislegri þátttöku og í að koma hugmyndum sínum á framfæri. Mikilvægt er að huga að því hvernig mögulegar breytingar verða kynntar fyrir nýjum þátttakendum í verkefninu og einnig þeim sem vinna með börnum. Þannig getur verkefnið orðið verkfæri sem hægt er að nýta í skóla- og frístundastarfi til að auka lýðræðislega vinnu með börnum.

Reykjavík 20. febrúar 2018

Hrund Logadóttir
Hulda Valdís Valdimarsdóttir
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Sigríður Marteinsdóttir



Reykjavík 20. febrúar 2018

Skrifstofa borgarstjóra
Ráðhús Reykjavíkur

UMSÖGN SAMFOK, BREYTINGAR Á ALDURSMÖRKUM Í KOSNINGUM UM HVERFIÐ MITT.

SAMFOK tók beiðni skrifstofu borgarstjóra fyrir á febrúar fundi stjórnar. Samtökin taka jákvætt í þessar breytingar að lækka aldursmörk í kosningum í betri hverfi og leggur til að lækka aldursmörkin niður í 13 ára, miða við 8. bekk grunnskólans, til samræmis við þátttöku barna í starfi ungmennaráðanna. Hverfið skiptir börn gríðarlegu miklu máli, þau búa, starfa og leika sér í hverfinu. SAMFOK telur mikilvægt að breytingunni fylgi fræðsla og umræða, þau fái stuðning til að fara í gegnum ferlið, móta tillögur, rökstyðja og kjósa. Flétta mætti umræðu um nærsamfélagið og þátttöku í Betri hverfi inn í starf félagsmiðstöðvanna sem lýðræðisverkefni.

Allt frá því Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur hefur verið unnið að því að tryggja börnum og ungmennum rétt til að tjá sig um mál sem þau varðar, þetta birtist m.a. í grunnskólalögum frá 2008 og æskulýðslögum frá 2007. Nemendafélög eru lögbundin í grunnskóla og vinna m.a. að félags- hagsmuna og velferðarmálum nemenda. Nemendafélagið er félag allra nemenda og nú sitja tvö börn í 9 manna skólaráði sem er samráðsvettvangur skólustjóra um skólahaldið. Sveitarfélögin eiga að hlutast til um að stofnuð séu ungmennaráð og hlutverk þeirra er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Í Reykjavík hefur síðan á undanförunum árum einnig verið leitað til barna við skipulagsvinnu í borginni, þau hafa tekið þátt í skapandi samráði um nýja framtíðarsýn fyrir hverfið sitt. Fleira mætti telja til eins og stórfund nemenda við mótun frístundastefnu borgarinnar og nú nýverið við mótun nýrrar menntastefnu.

Þessar jákvæðu breytingar undanfarinna ára og þátttaka unglinga og ungmenna í kosningum í Betri hverfi getur allt miðað að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum barna í nærsamfélaginu og málum sem þau varða.

SAMFOK vill nota þetta tækifæri og hvetur stjórnkerfis og lýðræðisráð til þess að fjalla um aðkomu barna og ungmenna, lögbundin nemendafélög og ungmennaráð í lýðræðisstefnu borgarinnar sem er í vinnslu. Ennfremur að ráðið tryggji að ungmennum verði treyst fyrir fjármagni, einhverskonar verkefnissjóð, ungmenni fái að bera ábyrgð á umsýslu sjóðsins, úthlutun og framkvæmi sjálf - börnum til heilla.

SAMFOK þakkar fyrir að fá að veita þessa umsögn en vill koma því á framfæri að það hefði verið hjálplegt ef eitthvað ítarefni, tillaga eða greinargerð stjórnkerfis- og lýðræðisráðs hefði fylgdi með ósk um umsögn.

F.h. stjórnar SAMFOK
Birgitta Bára Hassenstein, formaður
Samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík

Skóla- og frístundasvið
Helgi Grímsson

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni: ***Breytingar á aldursmörkum - Hverfið mitt - beiðni um umsögn***

□

Undirbúningur vegna næstu kosningar í Hverfinu mínu er hafinn hjá Reykjavíkurborg. Aldursmörk í síðustu kosningum var 16 ár og er áhugi og vilji til þess innan stjórnkerfis- og lýðræðisráðs að lækka þann aldur enn frekar. Áður en ákvörðun um það verður tekin er óskað eftir ábendingum og athugasemdum frá skóla- og frístundasviði, Reykjavíkurráði ungmenna og Samtökum foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.

Er þess óskað að slíkar ábendingar verði sendar innan þriggja vikna, eigi síðar en 20. febrúar nk.

Virðingarfyllt

Sandra Dröfn Gylfadóttir
e.u.